



Grunnmynd neysluvatnslagna mk. 1:50

Neysluvatnskerfi:

Allt efni, lögn, prófun og frágangur skal vera samkvæmt ákvæðum staðals ÍST 67, reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur og Byggingarreglugerð.

Pípur og tengistykki:

Pípur utanhúss fyrir kalt vatn skulu vera úr PEH plasti frá Reykjalandi eða samsvarandi, gerð fyrir a.m.k. 10 kg/cm² vinnubrýsting. Plastlagnir í jörð skulu vera í a.m.k. 1,2 m dýpi frá jarðvegsyfirborði. Allar neysluvatnslagnir innanhúss skulu vera plast- eða álplastlagnir, sambærilegar við RAUTITAN flex/stabil frá REHAU eða sambærilegar með lagnaefnisvottorð frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Tengistykki skulu vera frá sama framleiðanda.

Einangrun:

Nota skal glerullarhólka af viðurkenndri gerð. Einangrunarhólka skal vefja með plaststrimli með hæfilegri skórun og líma samskeyti vandlega saman. Sérstaklega skal vanda til rakapétts frágangs kaldavatnslagnar.

Einangrunarþykkt skal vera sem hér segir:

Heitt vatn	Pípuþvermál ≤ 20mm	Einangrunarþykkt = 20mm
Heitt vatn	Pípuþvermál 25-50mm	Einangrunarþykkt = 30mm
Heitt vatn	Pípuþvermál ≥ 65mm	Einangrunarþykkt = 40mm
Kalt vatn	Allar stærðir	Einangrunarþykkt = 20mm

Eftir þrýstiprófun skal einangra og ganga frá öllum samskeytum, greinum og beygjum á sama hátt.

Afréttir stútar:

Allir stútar út úr vegg, til tengingar við tæki, skulu afréttir. Stútana skal festa tryggilega og skal láta þá ná hæfilega langt út fyrir endanlegan vegg. Stúta skal tengja saman með "unionum" svo tryggt sé að þeir séu samsíða, þegar tæki eru tengd.

Pípuupphengi og festingar:

Allar pípur í neysluvatnskerfinu skulu hengjast upp eða festast þar sem þær liggja. Mesta fjarlægð milli upphengja má vera 1 meter undir loftum og 1 meter á veggjum. Hengja skal pípurarnar upp með sérstökum pípuupphengjum af Mefa gerð (Mefa Rohrselle) eða öðrum upphengjum af samsvarandi gerð.

Öll upphengi skulu hafa gúmmífoðringar næst pípu. Þar sem pípur í neysluvatns- og hitakerfi liggja samsíða skulu þær settar á sameiginlegar rólur. Festur koma þar sem sýnt er á teikningum.

Loftpúðar:

Setja skal loftpúða þar sem sýnt er á teikningum. Loftpúðar skulu vera 300mm langir og þvermál þeirra skal vera jafnt þvermáli viðkomandi stofns eða greinar frá aðalæð.

Þrýstiprófun lagna:

Neysluvatnslögn skal þrýstiprófuð með minnst 15 kg/cm² vatnsþrýstingi á eftirfarandi hátt:

- Forprófun:**
Setja skal minnst 15 kg/cm vatnsþrýsting á kerfið. Eftir 30 mín. skal mæla þrýsting og sömuleiðis eftir 60 mín. Mesti leyfilegi þrýstimunur er 0,6 bar.
- Aðalprófun:**
Setja skal minnst 15 kg/cm vatnsþrýsting á kerfið. Eftir 120 mín. skal mæla þrýsting. Mesti leyfilega þrýstifall er 0,2 bar.

Sé um leka að ræða skal verktaki gera við leka og endurtaka prófunina á sinn kostnað. Við ofangreinda prófun skal eftirlitsmaður verkkaupa kallaður á vettvang í byrjun og við lok prófunarinnar og skal hann taka verkið út og samþykka prófunina. Verktaka ber að sjá um úttekt byggingarfulltrúa á prófunum þessum.

Tafla yfir töppunarstaði					
Allir tappstaðir eru Ø16 mm, nema annað sé tekið fram.					
Verk Egilstaðatjörn					
Tæki	skamst.	Fjöldi	Töppunareiningar	Kalt	Heitt
Vatnssalemi	VS	2	1	0,2	-
Handlaug	HL	3	1,5	0,3	0,3
Stálveskur	SL	1	0,5	0,2	0,2
Eldhúsveskur	EV	1	1	0,2	0,2
Uppþottavél	UpV	1	1	0,2	0,2
Stúrta	SB	2	2	0,4	0,4
Baðkar	B	0	0	0,0	0,0
Þvottavél	ÞV	1	1	0,2	0,2
Kranar	Krani	1	0,5	0,1	0,1
Garðkrani	GK	0	0	0,0	-
Alls:		12	8,5	1,8	1,60
		fjöldi	Töppunareiningar	Kalt	Heitt
Heimæð vatnsveitur: PL050 (2")					

Verk: EGILSTAÐATJÖRN					
Verkhliut: Neysluvatnslagnir					
Teikn nr:	B-04	Dags:	05.05.2015	Mælikvarði:	1:20
Verknr:		Tækniþjónusta ehf.		Farsími: 899-7864 - Sæmundur Farsími: 863-3184 - Magnús Tölvuskráningarnúmer:	
Hannað: Sæmundur Óskarsson 180160-3109		Teiknað: Sæmundur Óskarsson 180160-3109		Suðurlandsbraut 10, 2.hæð Sími: 5533700	
Breytingar:		Áritun aðalfónumdara:			